

Matsblað

Hagnýt rannsóknarefni

Girðingar - Lágmarkskröfur til að umsókn fái fullt mat í fagraði

- Verkefnið er innan starfssviðs sjóðsins
- Umsókn stenst formkröfur sjóðsins (sbr. kafli 9 í reglum sjóðsins)
- Lýsing á stöðu þekkingar fullnægjandi

Lokaeinkunn fagraðs er gefin í bókstöfum:

Einkunn	Skýringar
A (A1, A2 og A3)	Góð umsókn með enga eða litla veikleika
B	Umsókn með umtalsverða veikleika
F	Umsókn sem fellur á girðingu Umsókn sem hefur meiriháttar veikleika Umsókn sem fellur á lágmarks þrepi í matsliðum

Mismunandi vægi er á matsþáttum:

Matsgildi	Hagnýtar rannsóknir
Nýnæmi	40%
Áhrif	30%
Framkvæmd	30%

Hér að neðan má sjá matsgildi fyrir umsóknir í hagnýtum rannsóknum. Áhersla er lögð á að meta nýnæmi og áhrif afurðar og framkvæmd verkefnisins.

1. Nýnæmi

1.1. Nýnæmi (umsókn þarf að ná að lágmarki „Ný þekking með hagnýtt gildi“ til að standast mat).

Takmörkuð ný þekking		Ný þekking með hagnýtt gildi		Ný þekking með mikið hagnýtt gildi	
Verkefnið bætir óverulegu við núverandi þekkingu á viðkomandi sviði.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en hefur takmarkað hagnýtt gildi.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en ólíklegt er að þekkingin leiði til umbóta á þekktri tækni eða ferlum.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnur að talsverðum umbótum á þekktri tækni eða ferlum.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnurinn að verulegum umbótum á nýlegri tækni eða ferlum.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er grunnurinn að verulegum umbótum á nýlegri tækni eða ferlum.

2. Áhrif

2.1. Hagnýting niðurstaðna (umsókn þarf að ná að lágmarki „Hagnýtingarmöguleikar takmarkaðir“ til að standast mat).

Markmið eru ekki skýr		Hagnýtingarmöguleikar takmarkaðir		Hagnýtingarmöguleikar miklir	
Markmið vegna hagnýtingar á mögulegum niðurstöðum verkefnisins er óljós.	Markmið vegna hagnýtingar á mögulegum niðurstöðum verkefnisins er ábótavant.	Markmið vegna hagnýtingar á mögulegum niðurstöðum verkefnisins er skýr og hagnýtingarmöguleikar eru takmarkaðir.	Markmið vegna hagnýtingar á mögulegum niðurstöðum verkefnisins er skýr og hagnýtingarmöguleikar til staðar og fjárhagslegur ávinningur nokkur.	Markmið vegna hagnýtingar á mögulegum niðurstöðum verkefnisins er skýr og hagnýtingarmöguleikar geta haft umtalsverðan fjárhagslegan ávinning.	Markmið vegna hagnýtingar á mögulegum niðurstöðum verkefnisins er skýr og hagnýtingarmöguleikar geta haft mikinn fjárhagslegan ávinning.

2.2. Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði

Lítið		Takmarkað		Mikið	
Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er óljóst eða ekki til staðar.	Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er lítið.	Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er ekki mikið en áætlun um hagnýtingu niðurstaðna á markaði liggur fyrir.	Bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði er takmarkað en líklegt er að fyrirtæki geti hagnýtt niðurstöður á markaði.	Fyrirtæki sem mun hagnýta niðurstöður á markaði er samstarfsaðili í verkefninu og hefur nokkurt bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði.	Fyrirtæki sem mun hagnýta niðurstöður á markaði er samstarfsaðili í verkefninu og hefur nokkurt bolmagn til að hagnýta niðurstöður á markaði.

3. Framkvæmd

3.1. Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun (umsókn þarf að ná að lágmarki „Áætlun er frekar raunhæf“ til að standast mat)

Áætlun er óraunhæf		Áætlun er frekar raunhæf		Áætlun er raunhæf	
Mjög litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn skortir.	Litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni töluvert ábótavant.	Nokkrar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni ábótavant.	Talsverðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn að mestu til staðar.	Góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.	Mjög góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.

3.2. Ávinningur samstarfs í verkefninu

Óverulegur		Nokkur		Mikill	
Samstarf er ekki til staðar.	Samstarf er til staðar en gildi þess fyrir verkefnið er óverulegt	Samstarf er til staðar og hefur að einhverju leyti gildi fyrir ávinningur samstarfsaðila er takmarkaður.	Samstarf er til staðar og ávinningur af samstarfi er líklegur til að vera nokkur fyrir þá aðila sem koma að samstarfinu.	Samstarf er til staðar og ávinningur af samstarfi er líklegur til að vera umtalsverður fyrir þá aðila sem koma að samstarfinu.	Samstarf er til staðar og ávinningur af samstarfi er líklegt til að vera mikill fyrir þá aðila sem koma að samstarfinu.